

FUNDARGERÐ

Föstudaginn 20. apríl 2012 kl. 13:30 kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til fundar í húsakynnum innanríkisráðuneytisins. Fundurinn fór fram í Tómithúsi, fundarherbergi á 4. hæð, Sölvhólgötu 7, Reykjavík.

Fundinn sátu nefndarmennirnir Guðmundur Bjarnason formaður, Bjarni Jónsson, Björk Þorsteinsdóttir, Hermann Jón Tómasson og Þórunn Egilsdóttir ásamt starfsmönnum sjóðsins þeim Elínu Gunnarsdóttur, Elínu Pálsdóttur og Guðna Geir Einarssyni. Gestir fundarins voru Guðmundur Steingrímsson, formaður verkefnisstjórnar um NPA, frá Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins þeir Stefán Hreiðarsson, forstöðumaður og Tryggvi Sigurðsson, sviðsstjóri og Gunnlaugur Júlíusson, sviðsstjóri hagdeildar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Guðmundur Bjarnason, formaður, setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Gengið var til dagskrár.

FUNDARGERÐIR

Lagðar voru fram til umfjöllunar og afgreiðslu fundargerðir frá fundum ráðgjafarnefndar 20. janúar, 24. febrúar og 16. mars 2012. Fundargerðirnar voru samþykktar og undirritaðar.

SAMEINING SVEITARFÉLAGA

Möguleg sameining Garðabæjar og Sveitarfélagsins Álftaness

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi frá R3-Ráðgjöf ehf., dags. 17. apríl 2012, en samstarfsnefnd um sameiningu Sveitarfélagsins Álftaness og Garðabæjar réð fyrirtækið til að vinna úttekt á hagkvæmni sameiningar sveitarfélaganna og til að vera samstarfsnefndinni til aðstoðar við undirbúning að mögulegri sameiningu sveitarfélaganna.

Í erindinu er greint frá stöðu mála hvað varðar viðræður fulltrúa Garðabæjar og Sveitarfélagsins Álftaness um mögulega sameiningu sveitarfélaganna. Í erindinu er óskað eftir staðfestingu frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga hvað varðar fjárhæðir tiltekinn framlaga úr sjóðnum er tengjast mögulegri sameiningu sveitarfélaganna og fjárhagserfiðleikum Sveitarfélagsins Álftaness.

Ráðgjafarnefndin staðfesti úthlutanir eftirfarandi framlaga úr sjóðnum, tímasetningu og forsendur fyrir greiðslum þeirra:

- Framlög á grundvelli 1. gr. reglna nr. 295/2003 um fjárhagslega aðstoð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga.
- Framlög á grundvelli 7. gr. reglugerðar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, nr. 960/2010 með síðari breytingu vegna fjárhagserfiðleika Sveitarfélagsins Álftaness.
- Áætlun um úthlutun aukaframlags til Sveitarfélagsins Álftaness á árinu 2012 og 2013.

FRAMLÖG VEGNA FJÁRHAGSERFIÐLEIKA SVEITARFÉLAGA

Sandgerðisbær – Beiðni um viðbótarframlag

Tekið var til umfjöllunar á ný erindi Sandgerðisbæjar, dags. 9. mars 2011, þar sem fram kemur að vinna við fjárhagslega endurskipulagningu í sveitarfélaginu hafi orðið mun umfangsmeiri en áætlað hafði verið og óskaði sveitarfélagið eftir viðbótarframlagi að fjárhæð 2,2 m.kr. án vsk. þar að lútandi.

Erindi sveitarfélagsins var tekið til umfjöllunar á fundi ráðgjafarnefndar 16. mars sl. Nefndin samþykkti að fresta afgreiðslu þess og lagði til að óskað væri eftir frekari skýringum frá sveitarfélaginu og rökstuðningi vegna beiðni þess um viðbótarframlag umfram þær 3,3 m.kr. sem áður höfðu komið til úthlutunar.

Í svari Sandgerðisbæjar, dags. 16. apríl 2012, er gerð ítarleg grein fyrir beiðni sveitarfélagsins og samþykkti ráðgjafarnefndin að höfðu samráði við Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga tillögu að úthlutun viðbótarframlags á grundvelli b. liðar 7. gr. reglugerðar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, nr. 960/2010, að fjárhæð 2,2 m.kr. án vsk. Framlagið kemur til greiðslu eftir framvindu verksins að höfðu samráði við Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga.

Ísafjarðarbær

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi frá Ísafjarðarbæ, dags. 26. mars 2012. Í erindinu er gerð grein fyrir erfiðri fjárhagslegri stöðu sveitarfélagsins og greint frá þeirri vinnu sem fram hefur farið við úttekt á öllum rekstri sveitarfélagsins með það að markmiði að finna leiðir til hagræðingar og sparnaðar.

Í erindinu kemur jafnframt fram að á grundvelli samþykktar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar hafi óháður aðili verið ráðinn til verksins og nú þegar liggja fyrir í skýrslu áætlun um viðunandi niðurstöður hvað varðar rekstur sveitarfélagsins á næstu árum. Í erindinu er leitað eftir aðkomu Jöfnunarsjóðs að kostnaði vegna framangreindrar úttektar sem nú þegar er orðinn um 6,4 m.kr. að meðtöldum virðisaukaskatti.

Leitað hafði verið umsagnar Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga um erindi Ísafjarðarbæjar þar sem aðkoma nefndarinnar er forsenda fyrir mögulegri aðkomu Jöfnunarsjóðs að erfiðri fjárhagsstöðu sveitarfélaga, sbr. ákvæði b. liðar 7. gr. reglugerðar nr. 960/2010.

Að fenginni umsögn Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga um erindi Ísafjarðarbæjar samþykkti ráðgjafarnefndin tillögu að úthlutun framlags að fjárhæð 6,0 m.kr. vegna vinnu við heildarúttekt á fjárhagsstöðu Ísafjarðarbæjar enda sé ráð fyrir því gert að fyrir liggja vilji sveitarstjórnar Ísafjarðarbæjar til að hrinda í framkvæmd sem flestum af þeim tillögum sem fram koma í framangreindri skýrslu um fjárhagsstöðu sveitarfélagsins.

Framlagið kemur til greiðslu þegar fyrir liggur hjá sjóðnum staðfesting um áfallinn kostnað við verkið.

Sveitarfélagið Skagafjörður

Lagt var fram til kynningar erindi frá Sveitarfélaginu Skagafirði, dags. 18. apríl 2012. Í erindinu er gerð grein fyrir erfiðri fjárhagslegri stöðu sveitarfélagsins og greint frá þeirri vinnu sem hafin er við úttekt á öllum rekstri sveitarfélagsins með það að markmiði að finna leiðir til hagræðingar og sparnaðar.

Í erindinu kemur jafnframt fram að óháður aðili hafi verið ráðinn til verksins og nú þegar liggja fyrir áfangaskýrsla vegna úttektarinnar. Lokaskýrsla sé að vænta um miðjan maí nk. Leitað er eftir aðkomu Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga að kostnaði vegna framangreindrar úttektar sem áætlað er að nemi 6 – 7 m.kr. að meðtöldum virðisaukaskatti.

Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til að afgreiðslu erindisins væri frestað til næsta fundar nefndarinnar og leitað væri umsagnar Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga um erindi sveitarfélagsins.

Skafthreppur

Á fundi ráðgjafarnefndar í janúar sl. var tekið til umfjöllunar erindi frá Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga þar sem fram kemur að fyrir lægi sú ákvörðun nefndarinnar að fram færi úttekt á fjárreiðum Skafthrepps í samræmi við 4. tl. 82. gr. sveitarstjórnarlaga. Í erindi eftirlitsnefndarinnar er óskað eftir aðkomu Jöfnunarsjóðs að kostnaði vegna vinnu utanaðkomandi ráðgjafa við úttektina. Kostnaður við verkið var talinn geta numið 1 -2 m.kr. fyrir utan virðisaukaskatt.

Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til að framangreind beiðni eftirlitsnefndarinnar væri tekin til greina hvað aðkomu Jöfnunarsjóðs að kostnaði vegna úttektarinnar varðar en lagði til að óskað væri eftir ítarlegri upplýsingum um mögulegan kostnað þar að lútandi.

Í minnisblaði, dags. 17. apríl 2012, sem lagt var fram á fundinum kemur fram að áfallinn kostnaður við úttektina næmi nú um 1,2 m.kr. án virðisaukaskatts en ætla mætti að kostnaðurinn í heild sinni gæti numið um 1,5 m.kr. miðað við nýlegar upplýsingar.

Með tilvísun til þessa samþykkti ráðgjafarnefndin tillögu um úthlutun framlags að fjárhæð 1,5 m.kr. án virðisaukaskatts vegna úttektar á fjárreiðum Skaftárhrepps, sbr. ákvæði í b. lið 7. gr. reglugerðar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga nr. 960/2010.

ÚTGJALDAJÖFNUNARFRAMLÖG

Akureyrarkaupstaður vegna barna úr Grímsey

Lagt var fram til umfjöllunar erindi frá Akureyrarkaupstað, dags. 30. mars 2012, þar sem óskað er eftir aðkomu Jöfnunarsjóðs að kostnaði sveitarfélagsins vegna skólagöngu grunnskólanemenda í 9. og 10. bekk úr Grímsey sem þurfa að sækja skóla annað þar sem Grímseyjarskóli er eingöngu fyrir nemendur í 1. – 8. bekk.

Að umfjöllun lokinni samþykkti ráðgjafarnefndin að leggja til að afgreiðslu erindisins væri frestað til næsta fundar nefndarinnar og fram færi ítarleg skoðun á erindinu milli funda.

YFIRFÆRSLA Á MÁLEFNUM FATLAÐRA

TEKJUSTSREYMI

Lögð var fram til kynningar endurskoðuð áætlun um tekjustreymi vegna yfirfærslu á málefnum fatlaðra á árinu 2012. Þar kemur fram að áætlaðar tekjur sjóðsins af 0,95% hlutdeild í álagningarstofni útsvars vegna janúar, febrúar og mars hafi numið samtals 2.261,6 m.kr. en rauntekjur sjóðsins hafi hins vegar numið um 2.145,7 m.kr. og því verið um 115,9 m.kr. lægri en áætlanir gerðu ráð fyrir.

Fram kom að áætlanir fjármálaráðuneytisins um að útsvarsstofn ársins næmi 947,0 ma.kr. stæðu enn og allar líkur væru á því að staðgreiðsluskiln færu batnandi á næstu mánuðum eins og raunar kom fram í skilum á staðgreiðslunni í apríl.

NOTENDASTÝRÐ PERSÓNULEG AÐSTOÐ

Guðmundur Steingrímsson, formaður verkefnisstjórnar um NPA, gerði grein fyrir verkefninu sem grundvallast á Sáttmála Sameinuðu þjóðanna. Í yfirferð Guðmundar kom eftirfarandi m.a. fram:

Hugmyndafræðin að baki verkefninu væri í sjálfu sér einföld þó framkvæmdin væri það ekki. Það væru rík mannréttindi fyrir fatlað fólk að fá að njóta þeirrar aðstoðar sem það sjálft velur og skipuleggur. Varðandi framkvæmd verkefnisins hér á landi væri einna mest horft til Svíþjóðar en þar hefði þróun verkefnisins gengið vel.

Alþingi hefði samþykkt þingsályktunartillögu um að innleiða NPA sem þjónustuform með öllum greiddum atkvæðum og pólitískur vilji gagnvart verkefninu væri skýr. Lögin um málefni fatlaðs fólks kveða á um að þróa skuli leiðir til að taka upp NPA með markvissum og árangursríkum hætti. Um þróunarverkefni væri að ræða til ársins 2014 en þá væri gert ráð fyrir að verkefnið yrði að lögum. Lagaumgjörðin væri enn ekki til en kveðið væri á um verkefnið í Samkomulagi ríkis og sveitarfélaga um yfirfærsluna.

Verkefnisstjórn um NPA hefði gefið út handbók og væri útgáfa handbókarinnar fyrsta skrefið í innleiðingu á NPA hérlendis.

Ráðstöfunarfjármagn Jöfnunarsjóðs vegna NPA verkefnisins nemur 300 m.kr. á árunum 2011, 2012 og 2013 og liggur fyrir samþykkt verkefnisstjórnarinnar um að fjármagnið verði notað til úthlutunar

framlaga er nemi allt að 20% af heildarkostnaði hvers einstaklingssamnings við sveitarfélögin um NPA sem gerðir verða á grundvelli umsókna sem ráðgert er að berist frá og með 1. apríl til 15. september nk.

Guðmundur kom inn á þá samþykkt verkefnisstjórnar um NPA frá 17. apríl sl. að leggja til við ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga að hluta af þeim fjármunum sem ætlaðir væru til verkefnisins verði varið til kynningar- og fræðsluverkefnis þar sem hugmyndafræðin um sjálfstætt líf sem býr að baki NPA verði kynnt. Guðmundur gat einnig um þá samþykkt verkefnisstjórnarinnar að leggja til að NPA miðstöðin annaðist þetta fræðsluverkefni.

Fræðsluverkefni um NPA

Tekin var til umfjöllunar framangreind tillaga verkefnisstjórnar um NPA frá 17. apríl sl. um að hluta af þeim fjármunum sem ætlaðir væru til NPA verkefnisins verði varið til fræðsluverkefnis um hugmyndafræðina um sjálfstætt líf og notendastýrða persónulega aðstoð. Lagt er til að NPA miðstöðin annist fræðsluverkefnið og haldi fræðslu- og kynningarfundum fyrir notendur, þjónustuaðila og sveitarstjórnarfolk á þjónustusvæðum um málefni fatlaðra. Með tillögunni fylgdi yfirlit yfir kostnað vegna fræðsluverkefnisins sem er áætlaður um 10,6 m.kr.

Í umfjöllun ráðgjafarnefndarinnar kom fram að hér væri um verðugt verkefni að ræða og samþykkti nefndin tillögu um aðkomu Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga að verkefninu á grundvelli ráðstöfunarfjármagns NPA verkefnisins.

Nefndin samþykkti jafnframt að óska eftir því við verkefnisstjórnina að kostnaðaráætlun kynningar- og fræðsluverkefnisins verði yfirfarin áður en tillögugerð um úthlutun framlags fer fram. Einkum er óskað eftir að gerð verði betri grein fyrir áætlunum kostnaði vegna kynningarfunda sem ráðgert er að halda víða um land í tengslum við verkefnið.

Þegar yfirfarin kostnaðaráætlun vegna verkefnisins liggur fyrir mun ráðgjafarnefndin taka erindið til umfjöllunar á ný og afgreiðsla fara fram að fenginni umsögn samráðsnefndar um málefni fatlaðra.

SIS MATIÐ

Vinnu- og viðmiðunarreglur vegna sérþarfa fatlaðra nemenda

Stefán Hreiðarsson, forstöðumaður Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins og Tryggvi Sigurðsson, sviðsstjóri gerðu grein fyrir mati á stuðningsþörf barna, SIS FOR CHILDREN, sem vonir standa til að hægt verði að innleiða á Íslandi.

Fram kom að hér væri um að ræða staðlað alþjóðlegt matstæki sem væri öflugt og framsækið. Matið tæki á öllum þáttum daglegs lífs barna á aldrinum 5 – 16 ára og væri notað í mörgum löndum.

Fram kom að möguleiki væri á að skoða ákveðna þætti sérstaklega innan matsins. Til umræðu kom hvort nota mætti tækið við úthlutun viðbótarframlaga vegna sérþarfa fatlaðra grunnskólabarna en nauðsynlegt væri að fara að endurskoða þær vinnu- og viðmiðunarreglur sem úthlutun framlaganna byggði á.

Frekari umræðu þar að lútandi var frestað.

Fjallað var um SIS matið fyrir fullorðna en á árinu 2012 byggir útreikningur almennra framlaga úr Jöfnunarsjóði vegna þjónustu við fatlað fólk að hluta til á matinu.

Fram kom að í gangi væri verkefni sem Rannsókn- og þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri væri að vinna að á grundvelli samnings milli innanríkisráðuneytisins vegna Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, Rannsókn- og þróunarmiðstöðvar HA og velferðarráðuneytis. Markmið verkefnisins væri að taka

saman upplýsingar um matskerfi sem nýtist sveitarfélögum best til þess að leggja samræmt og hlutlægt mat á stuðningsþörf í almennri og sértækri þjónustu innan félagsþjónustu sveitarfélaga.

Lagt var til á fundinum að aflað væri upplýsinga um hvar verkefnið væri stítt í ljósi þeirra ákvæða sem fram koma í 6. gr. reglugerðar um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk en þar er kveðið á um hlutverk Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga hvað forgöngu um samræmt mat á landsvísu varðar.

UPPGJÖR SVEITARFÉLAGA VEGNA MÁLEFNA FATLAÐRA

Álit reikningsskila- og upplýsinganefndar

Gunnlaugur Júlíusson, sviðsstjóri hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, gerði grein fyrir álit reikningsskila- og upplýsinganefndar hvað reikningsskil sveitarfélaga í tengslum við yfirfærslu á málefnum fatlaðra varðar. Álitid var lagt fram til kynningar á fundinum.

Í umfjöllun sinni fór Gunnlaugur yfir þá annmarka sem væru á reikningsskilum vegna yfirfærslunnar hvað þjónustusvæðin varðar þar sem framlög Jöfnunarsjóðs rynnu beint til svæðanna en ekki til þeirra sveitarfélaga er mynda svæðin.

Að mati reikningsskila- og upplýsinganefndar hefði verið eðlilegast að greiðslur úr Jöfnunarsjóði vegna málefna fatlaðs fólks rynnu beint til viðkomandi sveitarfélaga eftir útreikningum þar um þar sem þetta væru alfarið tekjur sveitarsjóða. Lögð var áhersla á mikilvægi þessa varðandi almennt uppgjör sveitarfélaganna, þjóðhagsuppgjör og kostnaðarmat á framkvæmd yfirfærslunnar sem fram mun fara á árinu 2014.

Í máli Gunnlaugs kom fram að til stæði að gera breytingar á núverandi fyrirkomulagi vegna ársins 2013. Hvað árin 2011 og 2012 varðar þyrfti að vinna sérstök yfirlit yfir greiðslur vegna yfirfærslunnar eftir sveitarfélögum.

Fleira var ekki rætt og var fundi slitið kl. 17:15.

Umfjöllun og afgreiðslu þeirra dagskrárliða sem ekki náðist að fara yfir á fundinum var frestað til símafundar nefndarinnar sem ákveðinn var 26. apríl kl. 11:30.

Elín Pálsdóttir

